

Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

Júní og júlí 2017

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarsjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í júní og júlí:

Á skrifstofunni hefur sumarið einkennst mikið af því að við erum undirmannaðar. Við Salbjörg höfum skipst á að dekkja skrifstofuna þótt álagið hafi legið meira hennar megin þar sem ég er meira á ferðinni. Töluvert var um fundarhöld í byrjun sumars, vegna svæðisskipulagsvinnu, AtVest, BsVest, vegna samfellda dagsins, vegna EarthCheck – Græn spor, auk nefndar og sveitarsjórnarfunda, svo eitthvað sé upptalið. Starfsmannasamtöl héldu áfram en þeim er ólokið og áætla ég að klára þau núna á haustmánuðum. Gengið hefur verið frá ráðningum á skrifstofu sveitarfélagsins en Brynja Rós Guðlaugsdóttir mun hefja störf hjá okkur innan tíðar. Íris Ósk Ingadóttir hefur verið ráðin tólmstundafulltrúi í stað Estherar Aspar Valdimarsdóttur sem lét af störfum í byrjun júlí. Svo var gengið frá ráðningu á nýjum forstöðumanni íþróttamiðstöðvar en Birna Karen Bjarkadóttir sem sinnt hefur starfinu í afleysingum í tæpt ár var ráðin í fast starf forstöðumanns. Hlakka ég til samstarfsins með þessum þremur nýju starfsmönnum. Hamingjudagar fóru fram um mánaðarmótin júní/júlí og tókust einstaklega vel og var þátttaka íbúa og fyrirtækja sérstaklega ánægjuleg. Hvalaskoðunarfyrirtækið LákiTours hóf að bjóða hvalaskoðunarferðir frá Hólmavík þann 15. Júní sl, þrjár ferðir á dag alla daga og hefur verið mikil lyftistöng fyrir ferðapjónustuna í sveitarfélaginu og jókst lífið á höfninni mikið. Viðbygging við leikskólann hefur gengið vel og verður mikil gleði þegar hún kemst í fulla notkun. Vinna við tengingu ljósleiðara í hús í dreifbýli sunnan Hólmavíkur hefur verið í fullum gangi í sumar. Þrátt fyrir miklar annir þá hafa ýmis mál stoppað í sumar vegna sumarfría vítt og breytt í samfélaginu og því hefur tíminn nýst misvel. Ég tók 3 daga í sumarfrí í lok júní og svo aftur í tvær vikur þegar skrifstofa sveitarfélagsins lokaði í lok júlí.

Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Í júní var landað hér á Hólmavík 113 tonnum og skiptist það þannig að tæp 10 tonn af rækju, 62 tonn komu á línu og 42 tonn á handfæri, þannig það hefur gengið heldur rólega á strandveiðum það sem af er sumri, og sérstaklega bátum sem róa styttra út. Í júlí komu á land 125 tonn og skiptist það þannig að af rækju komu 31 tonn, á línu 12,5 tonn og handfæri 80 tonn sem er tæplega helmingi meira á handfæri en í júní. Eins má nefna að í júní komu 492 tonn af rækju með bílum og í júlí 581 tonn þetta er allt í vinnslu fyrir Hólmadrang sem er mikið gleðiefni að rækjan skuli vera farin að streyma aftur hingað til okkar.

Annars hefur sumarið gengið þannig með venjubundnu sniði að í júní var vinna við undirbúning Hamingjudaga ásamt hinum ýmsu sumarverkum s.s. slátt fyrir eldri borgara og annað, eins sá áhaldahúsið um verkstjórn með vinnuskólanum. Í júlí hefur einnig verið þannig að við höfum bara verið í þessum hefðbundnu verkum en því miður höfum við ekki getað sinnt öðrum verkum vegna fámennis en í ágúst og september er stefnt á að setja upp klifurgrind á skólavellinum setja upp þráðlaust netkerfi í skólanum, bæta við lýsingu á leið upp í íþróttarhús við tjaldsvæðið, grafa niður brunahana og vonandi leggja einhverja klæðningu yfir götur.

Frá forstöðumanna Íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir

Mánaðarskýrsla Júní

Ég var frá vinnu vegna utanlandsferðar dagana 5.-12 júní. Allt gekk vel á meðan ég var í burtu.

Búið er að steypa útigrillin fyrir tjaldsvæðið og ætla þeir hjá Bmvallá að senda þau til okkar.

Nýr sandur fyrir sandsíurnar eru komnar á staðinn, og beðið er eftir bíl frá Hreinsitækni til að losa þann gamla. Ekki er komin nákvæm dagsetning hvenær þeir koma.

Jóhann Lárus smiður er búinn að koma og taka út það sem þarf að gera til að setja upp hurð fyrir skrifstofuaðstöðu. Framkvæmdir hefjast í næstu viku.

Mikið hefur borist inn af athugasemdum í sambandi við barnalaugina. En efnið í botninum á henni er mjög laust og hrynur mikið úr henni. Ég setti mig í samband við aðilann sem lagaði laugina í fyrra og kom hann og skoðaði hana 30. Júní. Hann ætlar að setja nýtt efni í botninn á lauginni næsta haust þegar hleypt verður úr henni.

Í byrjun mánaðar varð slys á tjaldsvæði og kalla þurfti eftir sjúkrabíl. Starfsmaður Íþróttamiðstöðvar hlúði að sjúkling þangað til sjúkrabíl bar að, sjúkraskýrsla var tekin.

Á sunnudegi Hamingjudaga var barni bjargað frá drukknun. Starfsmaður sundlaugar stakk sér eftir barni í djúpa hluta laugarinnar, vegna hárréttra viðbragða starfsmanna fór ekki illa. Hér má koma inná hversu rosalega mikilvægt það er að allir starfsmenn séu með öll réttindi í lagi og góða kennslu í skyndihjálpi og björgun úr laug. Sem við öll erum.

Hamingjudagar gengu mjög vel fyrir sig, mikil aðsókn á tjaldsvæðið var um helgina. Við fengum mikið lof fyrir flotta aðstöðu bæði í sundlauginni og á tjaldsvæðinu, sem er mjög jákvætt. Starfsmenn stóðu sig með mikilli þryði.

Það eina sem mætti bæta fyrir næsta ár er það að hafa fleiri rafmagnstengla á tjaldsvæði D.

Mánaðarskýrsla Júlí

Vestfjarðavíkingurinn var haldinn að hluta til í Íþróttamiðstöðinni þann 6. Júlí. Keppt var í Herkulesarhaldi og Tunnuhleðslu. Þó nokkuð var af áhorfendum og var mikið fjör.

Þann 7. Júlí kom Svavar Sigursteinsson með kynningu í Íþróttamiðstöðina á vinsælu TWI teygjunum. Kynningin gekk vel og var ágætlega sótt.

Zumbakennarinn Kristbjörg Ágústadóttir hafði samband og hefur áhuga á að kenna Zumba í Íþróttamiðstöðinni reglulega í vetur. Búið er að búa til facebook hóp, en hann heitir Zumba á Hólmavík með Kristbjörgu, en þar setur hún auglýsingar með fyrirvara um hvenær næsti tími er. En þetta verður skemmtileg viðbót inni starfsemi okkar í vetur.

Náttúrubarnahátíðin var haldinn helgina 28.-30. Júlí. En öll börn hátíðarinnar fengu frítt í sund á meðan hátíðinni stóð.

Spilið sem notast er við til að draga dúkinn yfir laugina bilaði. Smíða þurfti varahlut í spilið.

Þurrkarinn í Félagsheimili bilaði og fjárfesta þurfti í nýjum.

Skipta þurfti um klórnama fyrir Pott 2.

Skipta þurfti um legu og þétti í dælu 1 og dælu 2 fyrir aðallaug.

Tjaldsvæðisskúrin á svæði B er kominn til ára sinna og skipta þurfti honum út fyrir nýjann. Klósettin báðum megin eru mikið búnar að bila í sumar, einnig lekur inn um hann og vatn hefur safnast undir gólfefnið.

Tjald til að skipta íþróttasal í tvennt er komið í ferli, ég er búin að fá sendar nokkrar myndir af tjöldum. Það næsta sem tekur við er að fá smið til að mæla fyrir tjaldinu, en von er á honum í næstu viku.

Ég hef orðið vör við leka bæði úti í kyndistöð og niður í kjallara. Ég hafði samband við Egil Sigurgeirsson pípara frá Reykhólum og ætlar hann að koma um miðjan ágúst og gera minniháttar úttekt á kjallaranum og kyndistöðinni.

Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg Signý Sigurvaldadóttir

Frá leikskólastjóra – Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir

Þann 15.júní var grillhátíð leikskólans haldin og voru grillaðir hamborgarar í boði fyrir gesti leikskólabarna. Starfsfólk leikskólans setti upp stutt leikrit um Rauðhettu og úlfinn og gekk vel.

21.júní fór svo leikskólinn í sumarfrí og var það til 27. Júlí. Fyrstu tveir dagarnir voru í grunnskólanum þar sem leikskólinn var ekki tilbúin til viðveru strax. Þann 31.júlí vorum við svo mætt í leikskólahúsið og nú bíðum við spennit eftir að viðbyggingin verði tilbúin en það er áætlað um mánaðarmótin ágúst – september.

Töluvert er um starfsmannabreytingar hér í leikskólanum og eru tvö störf laus eins og staðan er í dag.

Angantýr, Kristín Lilja, Ágúst og Kristbergur eru farin á vit nýrra tækifæra. Ingibjörg Jónsdóttir og Jóhanna Rósmunds. hætta núna 11.ágúst. Röfn Friðriksdóttir hættir mánaðarmótin ágúst – september og Brynja Rós Guðlaugsdóttir hættir mánaðarmótin september – október.

Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir kemur svo úr fæðingar.- og veikindarleyfi í október.

Jóna Guðbjörg Ágústsdóttir hefur verið ráðin á eldri deild, Friðrik Hreinn Sigurðsson hefur verið ráðinn á yngri deild og Guðríður Nanna Magnúsdóttir ráðin í eldhús og ræstingar.

Fækkun var einnig á börnum í leikskólanum en 8 nemendur fara í grunnskólann og 5 nemendur fluttu frá okkur.

Framundan er spennandi starfsár með nýju fólki og betri aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk.

Frá skólastjóra grunnskólans – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Júní-júlí 2017

2. júní voru skólaslit í Hól mavíkirkirkju með húsfylli og í blíðskaparveðri.

6.-8. júní voru starfsdagar með tilheyrandi skýrslugerð og frágangi og að því búnu héldu starfsmenn skólans út í sumarið.

Þá tók við vinna við ráðningar starfsmanna, auglýst var tvisvar sinnum á landsvísu eins og boðið er vegna auglýsinga um störf grunnskólakennara. Talsverður tími fór í samskipti við umsækjendur en í ágúst var fullráðið í störf við grunnskólann en enn vantar tónlistarkennara.

Skólastjóri átti fundi með skólastjórum á Stranda, Dala og Reykhólasvæðinu og ljóst er að aukið samstarf skólanna er komið til að vera. Unnið er að sameiginlegum fræðsludegi allra grunn- og leikskólanna á svæðinu 17. ágúst.

Unnið var að skipulagi á samfelldum degi barna í 1. – 4. bekk með tólmstundafulltrúa og sameiginleg mótuð hugmynd að starfinu kynnt í ágúst. Þar er um að ræða tilraunaverkefni sem getur orðið til mikilla hagsbóta fyrir börn og foreldra.

Unnið var að starfsáætlanagerð og skólanámskrárvinnu með ráðgjafa Tröppu sem sinnir hlutverki fræðslustjóra í Strandabyggð. Þar fór í gang mikil endurskoðun á öllum áætlunum skólans og regluverki.

Vinnuskólinn átti nokkra daga í skapandi vinnu í tengslum við skólann og leikskólinn var í húsinu tvo daga vegna byggingarframkvæmda á ágúst. Auk þess voru nokkrir tímar í skólanum á vegum félagsþjónustu.

Rafvirki vann að nokkrum viðhaldsverkefnum í skólahúsnæðinu í sumar og pípulagningamaður hluta úr degi.

Framundan eru undirbúningsdagar fyrir skólastarfið 2017-2018.

Frá tómsfundafulltrúa – Esther Ösp Valdimarsdóttir

Vinnuskýrsla tómsfundafulltrúa - JÚNÍ 2017

Í júní er gaman að vera til og margt breytist. Flestir hafa skilning á því að mikið sé að gera í júní en í raun er hann ekki svo strembinn enda fastir vikulegir liðir vetrarins ekki lengur við lýði og kvöldvinnan dregst verulega saman. Hamingjudagar, Vinnuskóli og sumarnámskeið eru þó ærin verkefni se, og frágangur eftir veturinn.

- **Samfelldur dagur** – Ráðinn hefur verið verkefnastjóri og tómsfundafulltrúa hefur verið hafið utan við undirbúninginn. Þetta tel ég vera mistök því þótt ég sé að hætta og muni ekki sinna verkefninu þegar það er komið á koppinn þá hef ég verið starfandi og hef heilmikið til málanna að leggja.
- **Breytingar í félagsheimili** – Vinnan hefur gengið hratt en verkefnastjórn ekki skila sér til framkvæmdaraðila sem hafa unnið eftir rangri teikningu. Þegar ein manneskja hefur umboð til að stjórna verki og aðrir draga sig í hlé til að auka skilvirkni er mikilvægt að sú ábyrgð sé tekin alvarlega.
- **Sumarnámskeið** – Heilmikið hefur verið um að vera. Leiklistarnámskeið, kassabílasmiðja og Náttúrubarnaskóli skópu saman tveggja vikna heilsdagsnámskeið fyrir 6-12 ára börn með miklum ágætum. Verkefnið gekk mjög vel og ánægja var almenn. Best þykir mér þó hvað starfsmennirnir eru spenntir fyrir að gera þetta aftur að ári. Allt samstarf var til fyrirmyndar en þó hefði þurft aukinn stuðning á formi tilsjónaraðila frá félagsþjónustunni.
- **Vinnuskólinn** - Samstarf við Áhaldahús og Náttúrubarnaskóla hefur gefist mjög vel. Mikil ánægja er með nýjung skapandi sumarstarfa og aukna áherslu á önnur verkefni í umsjá tómsfundafulltrúa, svo sem mannréttindasmiðju, heimsókn í Raggagarð og skyndihjálparnámskeið. Störfin með Áhaldahúsinu voru einnig fjölbreytt, lítil þörf var á ruslatýnslu en það voru gróðursett tré og útbúin skilti svo eitthvað sé nefnt. Þátttaka þeirra sem voru að klára 7. og 8. Bekk var aukin um 2 vikur, hálfan daginn. Enginn nemandi var að klára 9. bekk og einn 10. bekk. Enginn 17 ára er í Vinnuskólanum. Launin í Vinnuskóla sTrandabyggðar eru há miðað við annars staðar en boðið er upp á töluvert minni vinnu en gengur og gerist. Reynslan hefur kennt okkur að ef að hæfir 17 ára einstaklingar sækja um og skortur er á starfsfólki sé ráðlagt að ráða viðkomandi inn í Áhaldahúsið. Vinnuskóli eldri ungmenna virki þá frekar sem öryggi þegar atvinnuleysi eða þroskaskerðing er annars vegar, þá þurfi engu að síður að fylgja tilsjón með viðkomandi frá félagsþjónustunni. Gífurlegur kostur hefur verið að hafa reynda stuðningsfulltrúa, sem þekkja unglíngana, í verkstjórn og kunna að vinna með ýmis atriði sem geta komið upp. Stefnt er á að elsti nemandi, sem fór í starfsviðtal og áhugasviðsmat í upphaf sumars, fari í verknám í Hlökk í júlí. Ég þori að fullyrða að Vinnuskólinn í sumar hefur verið alveg frábær.
- **SEEDS** – Sjálfboðaliðarnir voru á svæðinu 1.-14. júní og dvöldu í Fjósinu. Þau munu vinna að viðhaldi göngustíga yfir borgirnar og í fjörunni neðan við rauða hverfið. Unnið hefur verið að skipulagi í samráði við Lilla sem aðstoðar við að taka á móti þeim.
- **Meningardvöl** – Fjölmargir dvöldu í Fjósinu í júní. Leigjandi á vegum KSH sem var í húsnæðisvandræðum, tónlistarmaðurinn Tobi, SEEDS hópurinn og listamenn á Hamingjudögum. Ekkert varð af tónleikahaldi Tobi og er það miður en von er á honum aftur þegar platan er tilbúin.
- **Hamingjudagar** – Hamingjudagar voru haldnir 30. Júní -2. Júlí í ár. Reynslan er farin að segja til sín og voru flestir hlutir tilbúnir með góðum fyrirvara og lítið um stress. Kynning hátíðarinnar var með öðrum hætti og ákveðið að senda ekki útprentaða dagskrárþæklinga í hús, það er bæði umhverfisvænna, sparar penin og eykur svigrúm til að gera nauðsynlegar breytingar á dagskrá fram á síðustu stundu. Ég ákvað einnig að hafa ekki eiginlega útidagskrá á sviði heldur einblýna frekar á virka þátttöku gesta og gangandi. Karnival stemmning var ríkjandi á laugardegi þar sem fjölmargir viðburðir voru í gangi á sama tíma en á litlu svæði, þá fór fólk á milli, hitti aðra og tók þátt í einhverju skemmtilegu. Virk þátttaka var meiri en vanalega en ég talaði reglulega við

fyrirtæki og stofnanir um þeirra þátttöku í allan vetur, það tókst vel að virkja fjölda þeirra og voru þau öll ábægð, ég geri fyllilega ráð fyrir að þessi hlutur muni aukast. Einstaklingar bökuðu eins og venjulega og magnið á glæsilegu kökuhlaðborðinu var passlegt. Lítið var um skreytingar enda ekki hvatt til þeirra sérstaklega. Haldin voru hverfispartý en mætingin í þau var frekur dræm, nema í gula hverfinu, þó tel ég ekki að það eigi að leggja þau af heldur halda áfram að styðja við þau í þeirri vona að þau verði að hefð. Hamingjuverkakeppni gekk vel og tóku 6 verk þátt, hamingjubingó var ekki eins vinsælt en mjög skemmtilegt og hvetjandi og lítið fyrir því haft. Tvennt var ekki nægilega gott við Hamingjudaga. Annað var fjarvera mín síðustu tvo dagana fyrir. Það slapp ótrúlega vel með góðu skipulagi og aðstoð frá samstarfsfólki en ég hefði viljað gera betur á sumum sviðum. Hitt er samstarfið við Áhaldahúsið en þrátt fyrir gott skipulag og útskýringar tók enginn ábyrgð á því að láta framkvæma nauðsynleg verkefni fyrir Hamingjudaga fyrr en á miðvikudegi, en töluvert var um sumarfrí í júní. Það skapaði óþarfa stress og vinnu og kallaði eflaust á aukna yfirvinnu. Ef til vill má bæta upplýsingaflæði og færa ábyrgð á milli verkstjóra hverju sinni. Eins hafði ég lagt mig fram við að skipuleggja hátíðina á þann hátt að yfirvinna starfsfólks Áhaldahúss yrði takmörkuð, þannig myndum við spara og leyfa fólki að vera í kærkomnu fríi. Ég keypti til dæmis Geislann í gæslu hoppukastala til að létta Áhaldahúsinu lífið. Engu að síður voru allt að þrír starfsmenn á vakt í einu á laugardeginum að sinna takmörkuðum verkefnum.

Fastir liðir

- **Forvarnarteymi** – Fundaði 20. júní og farið yfir vinnu forvarnaráætlunar. Mætingin var ekki góð enda margir í sumarfríri. María hefur tekið að sér að leiða starfið meðan enginn tólmstundafulltrúi er við störf.
- **Ungmennaráð** – Ungmennaráð fundaði 27. júní. Þau héldu viðburð á Hamingjudögum og eru að skipuleggja sumarferð. Þau hafa jafnframt hafist handa við að undirbúa ungmennaping og kosningar í haust. Enn fremur sendu þau lagfært erindisbréf til sveitarstjórnar en reynslan hefur kennt þeim að þar má ýmislegt bæta.
- **TÍM nefnd** – Fundur var haldinn 8. júní þar sem fulltrúi frá Strandakunst kom í heimsókn. Jafnframt var farið yfir stöðu ýmissa verkefna og nýjar hugmyndir ræddar.
- **Ozon** – Ozon hefur ekki verið opin í júní en ýmiss frágangur hefur átt sér stað, sjöppurukkanir og annað minniháttar.
- **Foreldrahittingar** – Fastur liður í hádeginu á miðvikudögum, ég hef þó ekki mikið verið með sökum anna. Mikil ánægja er með hittingana og augljóst að þörf er á þeim.
- **Fjósið** – Frá seinni hluta maí og fram í ágúst er Fjósið upptekið þar sem þar býr fólk í menningardvöl.

Verkefni í júlí

Að Hamingjudögum loknum mun ég vinna í tvo daga við ýmsan áður en ég hætti störfum. Takk kærlega fyrir samstarfið.